

# „Ástarband þeirra aptur á himnum“

Eftir Helga Bjarnason  
helgi@mbl.is



**Fljótsdalshérað** | Vefarasettin svonefnda hefur látið gera við minningartöflu um forfeður sína, Jón vefara Þorsteinsson og Þóreyju Jónsdóttur, og verður taflan afhent Minjasafni Austurlands á Egilsstöðum til varðveislu í tengslum við niðjamót sem þar verður haldið um helgina.

Talið er að Jón Þorsteinsson, sem nefndur var vefari, hafi átt mikinn þátt í því að útbreidda vefnaðarkunnáttu á Austurlandi, einkum á Fljótsdalshéraði. Við hann er kennd mikil ætt. Á lífi eru líklega 7 þúsund niðjar þeirra hjóna, báðum megin Atlantshafs.

## Varðveitt á Minjasafni

Að þeim hjónum látnum, um 1850, var gerð minningartafla til heiðurs þeim og geymd hefur verið í Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal. Hún hékk uppi á kór gallinum í gömlu kirkjunni en þegar ný kirkja var tekin í notkun á árinu 1966 var minningartaflan sett upp á kirkjuloftið. Þar hefur hún verið geymd og var ástand hennar orðið slæmt. „Menn vissu um þessa töflu og okkur rann til rifja hvernig ástand hennar var orðið,“ segir Jón Hálfðanarson, formaður Vefarættarinnar, samtaka niðja Jóns og Þóreyjar sem stofnuð voru í þeim tilgangi að láta gera við minningartöfluna.

Vel gekk að afla fjár til verksins, lögðu 360 manns í þúklið. Viðgerð er lokið og hefur verið ákveðið að afhenda Minjasafni Austurlands töfluna til varðveislu við athöfn sem fram fer næstkomandi laugardag. Taflan er í eigu Valþjófsstaðarkirkju og hefur sóknarnefndin og Þjóð-



minjasafn Íslands samþykkt þessa ráðstöfun.

Jón og Þórey giftu sig á Valþjófsstað 28. júní 1797 og fer athöfnin því fram nærri 210 ára giftingarafmæli þeirra. Af þessu tilefni koma um 150 niðjar þeirra hjóna saman til niðjamóts á Egilsstöðum, auk þess sem farið verður að Valþjófsstað og Hjaltastað en þar voru hjónin jarðsett, Þórey sextán árum á eftir Jóni. Segja má að þau hafi sameinast aftur með minningartöflunni en þar eru skráð vers um þau bæði, hvort í sínu lagi, en upphafið er svona, eftir að greint hefur verið frá dánardegi þeirra og hvar þau voru jarðsett:

Þó lögð væru þannig lík í moldu aðskilin um árin segstán ástarband þeirra aptur á himnum öflugur knýtti hinn ástríki Guð.